

Náttúran í nærumhverfinu

VERKEFNI FYRIR MIÐSTIG Á DEGI ÍSLENSKRAR NÁTTÚRU

Horfum inn fyrir rammann

Vinnið saman 3-5 í hóp. Hver hópur fær einn ramma. Rammarnir geta verið mismunandi að gerð og stærð milli hópa en allir hafa sama hlutverk. Markmiðið er að uppgötva að þegar náttúran er skoðuð í nálægð kemur ýmislegt í ljós!

Veljið ykkur stað þar sem einhver gróður vex. Það þarf ekki að vera mikill gróður og hann getur verið alls konar. Einn í hópnum lokar augunum og sleppir rammanum blindandi á jörðina. Þannig er algjör tilviljun hvar hann lendir! Allir vinna svo saman við að skoða það sem er inni í rammanum og svara eftirfarandi spurningum á verkefnablaðið.

1. **Hvað er inni í rammanum?** Lýsið því stuttlega með eigin orðum.

2. **Skoðið gróðurinn í rammanum sérstaklega.** Hvernig gróður er innan rammans?

Eru allar plönturnar eins?

Eru þær mismunandi? Reynið að telja hvað eru margar gerðir af plöntum.


3. **Skoðið litina á plöntunum.** Hvað sjáið þið marga liti?

Hvaða litur er algengastur?

4. **Eru allar plönturnar jafnstórar?**

Hvernig eru þær í laginu?

Teiknið útlínur á tveimur ólíkum plöntum t.d. á laufblaði eða blómi.



5. **Þekkið þið heitin á einhverjum plöntum?**

6. **Sjáið þið einhver dýr inni í rammanum?** Eða ummerki um að dýr hafi verið á ferðinni?
